

Reglur um Álfagerði

1. grein

Útleiga

Salurinn er leigður út til veislu, funda-og ráðstefnuhalds. Sveitarfélagið hefur forgang á notkun salarins.

2. grein

Hið leigða

Salurinn er leigður með umsjónarmanni.

Salurinn er staðsettur í Álfagerði, þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara.

Borð, stólar og borðbúnaður fyrir 40 manns fylgja salnum. Salurinn er leigður ásamt umsjónarmanni. Umsjónarmaður opnar salinn og hefur umsjón með húsnæðinu á meðan viðburði stendur og lokar að viðburði loknum. Leigutaki greiðir laun umsjónarmanns skv. gjaldskrá.

Leigutaki hefur afnot af sal, setustofu og eldhúsi.

Leigutaki ber ábyrgð á hinu leigða og skal gera grein fyrir því sem misfarist hefur áður en salur er yfirgefinn.

Viðburðum í salnum skal lokið á miðnætti.

3. grein

Gjaldflokkar

Gjaldflokkar fyrir salinn eru eftirfarandi:

Veisla

○ Umsjónarmaður að lágmarki 4 tímar.

Fundur ½ dagur

○ Umsjónarmaður að lágmarki 2 tímar.

Fundur heill dagur.

○ Umsjónarmaður að lágmarki 2 tímar.

Afhending salar getur farið fram degi fyrir leigudag ef hann er ekki í útleigu. Sjá nánar um gjöld í gjaldskrá sveitarfélagsins.

4. grein

Leyfi

Við útleigu á sal þar sem tónlist er flutt framvísar leigutaki staðfestingu STEFs um að búið sé að ganga frá STEFgjöldum áður en húsnæðið verður afhent. Óheimilt er að veita undanþágu frá ákvæði þessu.

<http://www.stef.is>

5. grein

Umgengi og skil á salnum

Reykingar eru stranglega bannaðar í húsinu. Við afhendingu salar eru stólar og borð uppsett fyrir 40 manns og eldhús- og borðbúnaður aðgengilegur. Við skil á salnum skal þurrka af borðum og stólum sem notuð eru. Eldhús skal þrifa og þvo upp og ganga frá öllum eldhús- og borðbúnaði á sinn stað. Gólf í eldhúsi og anddyri skal sópa og grófhreinsa gólf í sal, þ.e. tína upp rusl, matarleifar og þess háttar. Ekki skal skúra gólf né þrifa salerni. Hreinsa skal rusl utandyra. Þrif skulu fara fram í samráði við umsjónarmann.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga 25. nóvember, 2010.